

Tillaga um breytingar á reglum um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna

Lagt er til að hlutfall nefndargreiðslna fyrir formann bæjarráðs hækki úr 21% upp í 65% frá og með 1.júní 2022.

Greinagerð

Verkefni bæjarstjórnar í sveitarfélögum á hverjum tíma eru fjölbreytt og mikilvægt að öll ákvarðanatöku sé tekin út frá bestu upplýsingum hverju sinni. Sveitarfélagið Árborg hefur vaxið mikið undanfarin ár og fyrirséð að verkefni næstu ára fyrir bæjarstjórn Árborgar eru umfangsmikil þegar horft er til reksturs sveitarfélagsins, orkuöflunar, uppbyggingu grunninnviða, skipulagsmála, atvinnumála, menntamála, velferðarmála og fleira.

Við teljum mikilvægt að þeir sem standa í forsvari fyrir bæjarstjórn hverju sinni geti sett fulla athygli í málefni sveitarfélagsins enda fjöldi mála og verkefna sem þarf að vinna til að grundvöllur ákvarðanatöku bæjarstjórnar sé sem bestur, sveitarfélaginu til heilla. Við teljum því rétt skref á þessum tímapunkti að auka vægi formanns bæjarráðs um 44%. Markmiðið er að vinna enn betur að málefnum og heildarsýn sveitarfélagsins, auka skilvirkni mála inn í stjórnarsýsluna og efla enn frekar samtala við íbúana okkar.

Þessi aukning á hlutfalli formanns bæjarráð er ekki sett fram sem kostnaðarauki á sveitarfélagið því á móti eru laun bæjarstjóra lækkuð og auk þess sem hagrætt hefur verið annars staðar innan stjórnarsýslunnar. Af þessum aðgerðum er á árinu 2022 því um hagræðingu að ræða upp á um 1,5 milljón króna.

Bæjarfulltrúar D-listans í Árborg

Bragi Bjarnason
Fjóla St. Kristinsdóttir
Kjartan Björnsson
Sveinn Ægir Birgisson
Brynhildur Jónsdóttir
Helga Lind Pálsdóttir